

Nd.

478. Breytingartillögur

[181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (KJóh, ÓE, AS, GuðnÁ).

1. Við 5. gr. 1. másl. 4. mgr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar eftirgreindum takmörkunum:

A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur botnfiskveiðar þeirra báta undir 6 brl. sem heimild fá til netaveiða skv. C-lið þessarar greinar.

B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru ekki heimilar veiðar í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. janúar til og með 15. janúar og frá og með 1. desember til og með 31. desember.

Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki sé þess óskað sérstaklega. Skal aflahámarkið miðast við fyrri veiðireynslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt þessum staflið.

C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Skulu þeir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar en eru undanþegnir veiðbönnum skv. B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.

D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorsfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorsfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorsfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið og gilda um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

E. Aflahámark skv. 2. mgr. B-liðar svo og skv. C- og D-liðum er óframseljanlegt.

F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.

G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálstofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að

úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi, þar á meðal sérstöku veiðileyfi skv. 2. mgr. B-liðar og C- og D-lið þessarar greinar, komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.

3. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum fyrir árið 1988 skal afli frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildaraflaheimildum á árinu. Við mat á því aflamagni skulu gilda ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Hjá þeim skipum er sóknarmark velja skulu sóknardagar frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildarsóknardagafjölda á 1. tímabili ársins 1988.